

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2020/1625****2021/EES/22/06****frá 25. ágúst 2020****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) <sup>(1)</sup>, einkum 1. og 2. mgr. 118. gr.*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum sem geta borist í dýr eða menn, þ.m.t. eru meðal annars reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar, og um rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja innan Sambandsins. Með henni er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald til að samþykka reglur til að bæta við tiltekna veigalitra þætti þeirrar reglugerðar með framseldum gerðum.
- 2) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um viðbótarreglur fyrir skráðar og samþykktar starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunaregg og um rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja. Einkum er í II. bálki III. hluta þeirrar framseldu reglugerðar mælt fyrir um reglur að því er varðar rekjanleika sauðfjár og geita í haldi, þ.m.t. skyldur rekstraraðila að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna þessi dýr.
- 3) Að auki er í 46. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035 kveðið á um tilteknar undanþágur frá kröfunum um rekjanleika fyrir sauðfé og geitur í haldi sem mælt er fyrir um í 45. gr. þeirrar gerðar. Þar á meðal er sá möguleiki fyrir rekstraraðila, sem eru með í haldi svín og geitur sem eru yngri en 12 mánaða, að auðkenna dýrin sín með einu rafrænu eyrnamerki, þar sem einkvæma skráningarnúmerið og auðkenniskóðinn eru sýnileg, ef fyrirhugað er að flytja þessi dýr í sláturhús í sama aðildarríki eftir samsöfnunaraðgerð eða eldi. Eftir samþykkt framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035 bærust framkvæmdastjórninni nokkrar athugasemdir frá tilteknum hagsmunaaðilum og aðildarríkjum varðandi hugsanlegar afleiðingar af því að beita þessari undanþágu sem var talin of þung í vöfum fyrir sauðfjár- og geitaræktendur, einkum með tilliti til lágs markaðsverðs sem þessir ræktendur fá fyrir dýr sem er slátrað til manneldis. Að teknu tilliti til þeirra íhugunarefna sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 188. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er hægt að líta þannig á að hefðbundið eyrnamerki eða hefðbundið band um kjúkuna (e. *pastern band*) tryggi nægilegan rekjanleika

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 366, 4.11.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1

<sup>(2)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 frá 28. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja (Stjútíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 115).

Þegar ungt sauðfé og ungar geitur í haldi frá mismunandi upprunastarfsstöðvum eru flutt í sláturhús eftir eldi. Auk þess er einungis unnt að tryggja nægilegan rekjanleika ef slíkir tilflutningar eru skráðir í einn gagnagrunn og fara því fram innan sama aðildarríkisins sem er einnig krafa fyrir flestar aðrar undanþágur sem kveðið er á um í 46. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035.

- 4) Að teknu tilliti til þessara íhugunarefna þykir rétt að breyta reglugerð (ESB) 2019/2035 með því að bæta við viðbótarundanþágu fyrir ungt sauðfé og ungar geitur í haldi til að leggja ekki óhóflega byrði og kostnað á rekstraraðila en tryggja jafnframt rekjanleika sauðfjár og geita í haldi og snurðulausa starfsemi auðkenningar- og skráningarkerfisins fyrir þessi dýr.
- 5) Þar að auki er þess krafist í 108 gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 að aðildarríkin hafi yfir að ráða kerfi fyrir auðkenningu og skráningu landdýra í haldi, þ.m.t. sauðfé og geitur í haldi. Í því kerfi ættu að vera fastsettar verklagsreglur til að það starfi rétt, þ.m.t. til að stjórna undanþágum sem beitt er í aðildarríkjunum. Til að komast hjá áhættu fyrir dýraheilbrigði og til að tryggja rekjanleika sauðfjár og geita í haldi þegar tilteknum undanþágum, sem kveðið er á um í 46. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2035, er beitt ætti aðildarríkjum að vera skylt að koma á verklagsreglum að því er varðar beitingu slíkra undanþága.
- 6) Þar eð framseld reglugerð (ESB) 2019/2035 gildir frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað a-liðar 4. mgr. 45. gr. kemur eftirfarandi:

„a) einni af auðkenningum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, í samræmi við undanþágurnar sem kveðið er á um í 46. gr.“

- 2) Eftirfarandi 5. mgr. er bætt við 46. gr.:

„5 Þrátt fyrir 2. mgr. 45. gr. geta rekstraraðilar, sem eru með sauðfé og geitur í haldi sem fyrirhugað er að flytja í sláturhús eftir eldi í annarri starfsstöð, auðkennt hvert dýr með a.m.k. hefðbundnu eyrnamerki eða hefðbundnu bandi um kjúkuna, eins og tilgreint er í a- og b-lið III. viðauka, þar sem annað hvort einkvæmt skráningarnúmer fæðingarstarfsstöðvar dýrsins eða auðkenniskóði dýrsins birtist sýnilega og læsilega og er óafmáanlegt, að því tilskildu að þessi dýr:

- a) séu ekki ætluð til flutnings til annars aðildarríkis,

og

- b) fari til slátrunar áður en þau verða 12 mánaða gömul.“

- 3) Í 4. mgr. 48. gr. er eftirfarandi c-lið bætt við:

„c) rekstraraðila vegna beitingar undanþáganna sem kveðið er á um í 4. og 5. mgr. 46. gr.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. ágúst 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---